

## Reglur Úrskurðarnefndar VR

### 1. gr. Hlutverk Úrskurðarnefndar.

1.1 Úrskurðarnefnd VR hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum sem henni berast frá félagsmönnum VR vegna ákvarðana starfsmanna VR.

### 2. gr. Nefndarskipan.

2.1 Stjórn VR skipar þrjú menn í nefndina og þrjú til vara.

2.2 Nefndin er skipuð til tveggja ára í senn.

2.3 Formanni VR er heimilt að skipa sérfróða menn í nefndina við úrskurð einstakra mála.

### 3. gr. Kæra.

3.1 Félagsmenn VR geta kært ákvarðanir sem snúa að réttindum þeirra eða skildum til úrskurðarnefndar.

3.2 Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um viðkomandi ákvörðun.

3.3 Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð. Hún skal borin fram á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á vef VR.

### 4. gr. Málsmeðferð.

4.1 Nefndinni ber að halda fundi reglulega þannig að mál afgreiðist með sem mestum hraða frá henni.

4.2 Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og rökstuddir.

4.3 Úrskurðarnefnd skal tryggja að félagsmaður eigi kost á að tjá sig um efni máls áður en nefndin kveður upp úrskurð sinn.

4.4 Í úrskurðum nefndarinnar skal koma fram:

1. hverjir eru aðilar máls
2. kröfugerð og röksemdir kæranda
4. rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar

4.5 Við málsmeðferð nefndarinnar ber að hafa hliðsjón af stjórnslulögum.

### 5. gr. Málshraði.

5.1 Nefndin kveður upp úrskurð eins fljótt og auðið er og ekki síðar en einum mánuði frá því að kæra og málgögn bárust nefndinni.

### 6. gr. Vanhæfi.

6.1 Um hæfi nefndarmanna til meðferðar máls fer eftir II. kafla stjórnslulaga.

### 7. gr. Skráning.

7.1 Nefndinni ber að halda skrá yfir mál sem berast til hennar og afgreiðslu erinda.

**8. gr. Réttaráhrif.**

8.1 Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir og verða ekki teknir til frekari endurskoðunar af hálfu VR.

**9. gr. Setning, gildistaka og breytingar.**

9.1 Starfsreglur Úrskurðanefndar eru settar af stjórn VR og þær taka gildi frá og með samþykki þeirra. Breytingar á þessum reglum verða aðeins gerðar af stjórn VR.

Reglur þessar voru samþykktar af stjórn VR þann 13. maí 2015 og tóku gildi sama dag.